Leiðari



Núna þegar svartasta skammdegið gengur yfir og dagsljósið af skornum skammti hefur sjávarútvegsráðherra kynnt frumvarp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða. Fram hefur komið að það sé byggt á samningaleiðinni svokölluðu sem sáttanefnd komst að niðurstöðu um í tíð Norrænu velferðarstjórnarinnar. Hvort það sé fyrirboði þess að frumvarpið boði ekki gott eða að bjartari tímar séu framundan á aðeins eftir að koma í ljós. Það er aðeins eitt sem á eftir að skera úr um það og það er „framtíðin".

Hvernig til tekst við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi á eftir að koma í ljós. Allar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða virðast snerta viðkvæmustu taugar allflestra Íslendinga hvort sem þeir koma nálægt fiski eða ekki. Oft hafa stór orð verið notuð þegar þessi mál ber á góma. Það er ekkert skrítið því auðvitað snerta þessi mál „framtíðina" og eru margir sem telja að þeirra sýn sé sú eina rétta. Vona ég að menn nái sátt um að heildarhagsmunir verði það sem ráði ferðinni hvort sem það snýr að arðsemi eða samfélagslegum þáttum og veiðar verði stundaðar með sem fjölbreyttustum hætti.

Þetta stóra orð „framtíðin" er eitt af því sem passar hvergi inn í reikniformúlu Hafrannsóknastofnunar. Allir útreikningar þar miðast við hátt í þrjátíu ára gamalt uppsett model. Samkvæmt því hefur fiskurinn ekki sporð og er alltaf á sama stað ári seinna og ætið alltaf til staðar þó sjórinn hafi hlýnað kringum landið á undanförnum árum. Að auki hafa aðrar fisktegundir sótt í auknum mæli inn í lögsöguna.

Makríll er ein þeirra tegunda sem hefur sótt stíft inn í lögsöguna í æti sem virðist vera honum að skapi. Enda kraumaði sjórinn af honum nánast hringinn í kringum landið fram í október. Þarna er stofn sem okkur ber að nýta betur í „framtíðinni" sérstaklega við strendur landsins. Þessi fiskur er ekki í neinni kurteisisheimsókn og hefur stór áhrif á minnkandi sílastofn, átu og fiskseiði.

Um þessar mundir eru útgefnar veiðiheimildir á fiskveiðiárinu í ýsu aðeins um 14% af veiðiheimildum þorsks. Veiðar smábáta sem eru stundaðar mest á grunnslóðinni á þessum árstíma eru næstum því útilokaðar vegna mikils magns af ýsu sem á varla að vera til samkvæmt mælingum Hafró. Hafa þeir sem veiða á grunnslóðinni því þurft að leigja til sín aflaheimildir í ýsu til þess eins að geta veitt þorsk sem ekki er í sama magni á þessum slóðum.

Engar breytingar eru um strandveiðar í téðu frumvarpi eins og kom fram hjá ráðherra á 30. aðalfundi LS. Ætla má að verði gerðar breytingar, muni það verða boðað með þingsályktun næsta vor fyrir fiskveiðiárið 2015/2016. Mun LS gera kröfu um að staðið verði vörð um strandveiðar til þess að styrkja innviði þeirra dreifðu byggða sem prýða strendur landsins. Þá gerir LS líka kröfu um að sjómenn þeir sem strandveiðarnar stunda standi undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin og skili besta hráefni sem hægt er að koma með að landi.

Ég vona að stjórnvöld horfi til „framtíðar" við ákvörðun um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða og skynsemi verði höfð að leiðarljósi fremur en eiginhagsmunapot. Ég óska smábátaeigendum, fjölskyldum þeirra og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og alls hins besta í framtíðinni. Vonandi geta allir notið þess friðar sem jólahátíðin ber með sér.

Halldór Ármannsson
formaður Landssambands smábátaeigenda